



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Þjónustusamningur við Ás styrktarfélag

Forsaga:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tók við þjónustu við fatlað fólk árið 2011 og þar með við samningi við Ás styrktarfélag um þjónustu við fatlað fólk og er nú í gildi samningur til 31. desember 2020. Ás styrktarfélag er sjálfseignarstofnun sem sinnir þjónustu við fólk með þroskahömlun. Í dag veitir Ás styrktarfélag hátt á þriðja hundrað manns þjónustu í formi búsetu, dagþjónustu og vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu. Þar af um 240 Reykvíkumum.

2. apríl 2019 sendi Ás styrktarfélag bréf til velferðarsviðs borgarinnar vegna viðvarandi og uppsafnaðs halla á þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Uppsafnaður halli nemur rúmum 99 m.kr. fyrir árin 2015 til 2018, sjá fylgiskjal 1. Samhliða bréfinu var send krafa að fjárhæð 26,8 m.kr. vegna halla ársins 2018. Í framhaldi af bréfi Áss styrktarfélags var haldinn fundur þann 28. maí með framkvæmdastjóra Áss styrktarfélags. Á fundinum hafnaði sviðsstjóri velferðarsviðs kröfu Áss styrktarfélags vegna ársins 2018 enda um bindandi samning að ræða. Á fundinum var tekin ákvörðun um að skipa starfshóp fulltrúa velferðarsviðs og Áss styrktarfélags. Markmið hópsins var að endurskoða fjárhagshluta þjónustusamnings velferðarsviðs við Ás styrktarfélag frá og með árinu 2019. Krafa Áss styrktarfélags gagnvart velferðarsviði afturvirkir fyrir árið 2019 nam rúmum 50 m.kr. Eftir ítarlega vinnu starfshópsins var ljóst að Ás styrktarfélag var að glíma við aukna þjónustuþyngd í búsetuþjónustu og vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu. Þá glímdi Ás styrktarfélag við aukinn kostnað vegna langtímaveikinda starfsmanna, aukins stjórnunarkostnaðar og þeirrar ákvörðunar að hætta sumarlokunum í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu. Eftir rýningu fulltrúa fjármálaskrifstofu velferðarsviðs á fjárhagshluta samningsins var ljóst að þar hallaði á Ás styrktarfélag, m.a. vegna aukinna þjónustuþarfa einstaklinga í þjónustu Áss styrktarfélags. Á þeim grundvelli og þar sem tekjur velferðarsviðs urðu hærri en áætlað var, var ákveðið að koma til móts við kröfu Áss styrktarfélags um tæpar 48 m.kr. Frá þeirri fjárhæð dragast þær 14,7 m.kr. sem velferðarráð samþykkti að bæta á fundi sínum 13. nóvember 2019.

Á árinu 2019 námu heildargreiðslur Reykjavíkurborgar til Áss styrktarfélags 1,3 ma.kr. Greiðslur byggðu á upphaflegum samningi frá árinu 2015 og þeim fimm viðaukum sem gerðir hafa verið við samninginn frá 2015 auk framangreindrar bætingar.

Greinargerð:

Núverandi samningur við Ás styrktarfélag tók gildi 1. janúar 2016 og gildir út árið 2020. Samningurinn er þríþættur. Einn hluti samningsins kveður á um 40 rými í húsnæði fyrir fatlað fólk sem nýtast fötluðum einstaklingum með mismunandi þjónustuþyngd. Annar hluti samningsins snýr að vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu en í þeim hluta var samið um 107,5 rými. Frá því núgildandi samningur tók gildi hafa verið keypt fleiri rými í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu og gerðir fimm viðaukar við þann hluta samningsins og eru rýmin nú alls 131,2. Hvert rými telur 8 klukkustundir á dag og nýtist jafnmörgum eða fleiri einstaklingum eftir úthlutaðri lengd daglegrar viðveru hvers og eins. Þriðji hluti samningsins tekur til dagryma í sérhæfðri þjónustu við börn að 6 ára aldri og eru þau rými fimm talsins. Dagrymin eru að öllu jöfnu 8 klukkustundir. Þau skulu nýtast jafnmörgum eða fleiri einstaklingum eftir úthlutaðri lengd daglegrar viðveru hvers og eins.

Búseta

Rýmin í búsetu eru 40 talsins og er skilgreint í samningnum hvernig þau skuli skiptast eftir þjónustuþyngd eða matsflokkum samkvæmt SIS mati¹ 2014. Samningurinn kveður á um að fjöldi rýma geti verið breytilegur á milli matsflokka en skulu þá báðir samningsaðilar samþykkja það frávik. Samkvæmt upplýsingum frá Ás styrktarfélagi er þjónustuþyngd íbúa í búsetuþjónustu meiri en gert er ráð fyrir í samningi vegna vanmats í SIS mati þeirra einstaklinga sem um ræðir. Unnið er að beiðnum um endurmat á SIS og gert ráð fyrir að um 15 manns sem eru í búsetu hjá Ási styrktarfélagi fái herra SIS mat að því loknu. Ein ástæða þess er hækkandi aldur einstaklinga en það er þekkt að færni fatlaðra einstaklinga hrakar oft hratt með hækkandi aldri þar sem öldrunareinkenni geta komið fyrir fram en hjá fólki sem ekki glímir við fötlun. Í þessu samhengi má benda á að íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk hjá Ási styrktarfélagi eru flestir komnir yfir 40 ár og eru einungis sex einstaklingar undir þeim aldri.

Vinnu- og virknimiðuð stoðþjónusta

Líkt og fram kom í greinargerð kaupir velferðarsvið 131,2 rými af Ási styrktarfélagi í dag. Alls dreifast þau rými á 193 einstaklinga, en margir vinna hluta úr degi. Á vinnufundum starfshóps um endurskoðun á fjárhagshluta samningsins hefur komið fram að fulltrúar Áss styrktarfélags telja aukna þjónustuþyngd í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu eina af ástæðunum fyrir halla á samningi félagsins við Reykjavíkurborg. Ástæðan er m.a. talin vera vanmat á þjónustuþörfum sökum skorts á endurmati á SIS mati, aldri þjónustuþega og einnig þess að nokkuð hátt hlutfall þjónustuþega eða 32,3% er ekki með SIS mat.

¹ Supports Intensity Scale

Samantekt:

Styrktarfélagið Ás hefur glímt við viðvarandi og uppsafnaðan halla á þjónustusamningi við Reykjavíkurborg frá því núgildandi samningur var undirritaður í lok árs 2015. Ýmsar ástæður liggja þar að baki eins og fram hefur komið.

Í gildandi þjónustusamningi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Áss styrktarfélags kemur skýrt fram að þjónustusali (Ás styrktarfélag) ber fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslum launa, lífeyrisiðgjöldum vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum staðgengla vegna lengri veikinda, námsleyfa og námskostnaðar, svo og hugsanlegum skaðabótakröfum, sjá fylgiskjal 2. Engu að síður er talin full þörf á að endurskoða fjárhagshluta samningsins og gera viðauka við hann vegna ársins 2020, samanber tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs, dagsett 19. febrúar. Ástæðan liggur fyrst og fremst í aukinni þjónustuþyngd notenda þjónustunnar en einnig í auknum kröfum löggjafans varðandi þjónustu við fatlað fólk. Jafnframt þarf að hefja vinnu við gerð nýs samnings frá og með janúar 2021 í ljósi nýrra innkaupareglna Reykjavíkurborgar

Fylgiskjöl

1. Bréf frá Ás, dags. 2. apríl 2019
2. Gildandi þjónustusamningur við Ás styrktarfélag
3. Þjónustulýsing með gildandi þjónustusamningi